

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 125/2021

frá 19. mars 2021

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1802 frá 27. nóvember 2020 um breytingu á notendahandbók þar sem lýst er nauðsynlegum áföngum til aðildar að umhverfisstjórnunarkerfi ESB samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1eaq (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/519) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„1ear. **32020 D 1802**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1802 frá 27. nóvember 2020 um breytingu á notendahandbók þar sem lýst er nauðsynlegum áföngum til aðildar að umhverfisstjórnunarkerfi ESB samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) (Stjtið. ESB L 402, 1.12.2020, bls. 51).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar (ESB) 2020/1802, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 20. mars 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 402, 1.12.2020, bls. 51.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 19. mars 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING